



Mælingar á Drangajökli upp af Leirufirði.

ÁRSSKÝRSLA 2005



ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.

28. STARFSÁR



EFNISYFIRLIT

<i>Stjórn og stjórnaskipulag</i>	3
<i>Formáli</i>	4
<i>Ávarp stjórnarformanns</i>	5
<i>Helstu framkvæmdir 2005</i>	6
<i>Helstu framkvæmdir 2006</i>	7
<i>Íbúaföldi á orkuveituvæði O.V.</i>	8

Ársreikningur 9-23

Krafturinn í ánni 24-25

<i>Raforkukerfi Vestfjarða</i>	26
<i>Rekstrartruflanir</i>	27
<i>Vatnsaflsvirkjanir</i>	28
<i>Kyndistöðvar</i>	29
<i>Díselstöðvar</i>	30
<i>Orkuöflun og orkuverð</i>	31
<i>Orkusala</i>	32

Skammstafanir

kV	= kilóvolt	= 1.000 volt
kW	= kilóvatt	= 1.000 wött
MW	= megawatt	= 1.000 kW
kVA	= kilóvoltamper	= 1.000 voltamper
MVA	= megavoltamper	= 1.000 kVA
kWh	= kilóvattstund	= 1.000 wattstundir
MWh	= megavattstund	= 1.000 kWh
GWh	= gígavattstund	= 1.000 MWh
Gl	= gígalítrar	= 1.000 milljónir lítra

Forsíðumynd: Hesteyri.

Baksíðumynd: Skrúður, Dýrafirði.

Ljósmyndir: Forsíða og baksíða.

Ragnar Th./ljósmyndasafn.is

Umsjón: Orkubú Vestfjarða hf.

Hönnun, umbrot og prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.



Naustavíkurskörð.



STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG


Formaður: *Guðmundur Jóhannsson*
Varaformaður: *Þorsteinn Jóhannesson*
Ritari: *Ólafur P. Benediktsson*
Haraldur V. Jónsson
Björgvin Sigurjónsson

Varamenn: *Ragnheiður Hákonardóttir*
Jón Þórðarson
Smári Haraldsson
Guðmundur St. Björgmundsson
Þórir Örn Guðmundsson

Orkubússtjóri: *Kristján Haraldsson*

Framkvæmdastjórar:

Fjármálasviðs: *Bjarni Sólbergsson*
Raforkusviðs: *Jakob Ólafsson*
Orkusviðs: *Sölvi Rúnar Sólbergsson*





FORMÁLI

Árið 2005 var fyrsta ár í breyttu umhverfi eftir að ný raforkulög tóku gildi. Viðskiptavinir sem keyptu 100 kW eða meira gátu skipt um orkusala kysu þeir svo, samkeppni var hafin í sölu rafmagns til þessara stóru viðskiptavina. Um 20 viðskiptavinir Orkubús Vestfjarða uppfylltu þessi skilyrði en engin þeirra fór frá fyrirtækinu til annarra orkusala, nokkrir aðilar utan veitusvæðis Orkubúsins leituðu eftir orkukaupum en ekki var unnt að taka þá í viðskipti þar sem mest öll raforka sem Orkubúið hafði til ráðstöfunar var seld.

Orkubú Vestfjarða er hluthafi í Landsneti hf, sem sér um flutning raforku um landið, ásamt Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Orkubúið leigði Landsneti 66 kV línur sínar fram í desember en lagði þær þá inn í Landsnet sem hlutafé.

Undirbúningur að sameiningu Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða hf var hafinn á árinu en þar sem ekki hafa enn tekist samningar um kaup ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun eru áform um sameiningu í biðstöðu. Fyrirtækin tóku hinsvegar um það ákvörðun að stofna sameiginlegt orkusölufyrirtæki og var Orkusalan ehf stofnuð í marsþrjú á þessu ári

Árið 2005 var almennt gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða og varð hagnaður af rekstrinum í fyrsta skipti í langan tíma. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var yfir meðaltali og ekki urðu nein stærri rekstraráföll í flutningskerfum raforkunnar. Á árinu var byggð ný 700 kW virkjun, Tungudalsvirkjun, í Tungudal við Skutulsfjörð og notar hún vatnið sem rennur út úr Vestfjarðagöngum ásamt hluta af vatni Tunguár.

Á árinu 2005 var 342,8 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 26,6 Mkr. Stærsta framkvæmd ársins var Tungudalsvirkjun en einnig var lokið við endurnýjun Blævardalsárvirkjunar, og áfram var unnið að endurbótum í Mjólkársvirkjun. Spenna á flutningslínunni milli Keldeyrar og Patreksfjarðar var hækkuð í 66 kV og aflspennar stækkaðir í nokkrum aðveitustöðvum. Jarðstrengir voru lagir í jörð í Skutulsfirði og Dýrafirði í stað loftlína og unnið var að endurnýjun á fjargæslubúnaði fyrirtækisins. Af öðrum framkvæmdum má nefna endurbætur á dreifikerfi raforku í þéttbýli, stækkun dreifikerfis hitaveitu og endurbyggingu ýmissa aðveitulína. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu. Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 0,15% frá fyrra ári

og nam alls 238,9 GWh. Eigin orkuvinnsla var 88,3 GWh eða 37,0%, og orkukaup af Landsvirkjun, Landsneti, Sængurfossvirkjun, Dalsorku, Tunguvirkjun, Hvestuveitu og Funa voru 150,6 GWh eða 63,0% af heildarorkuöfluninni. Landsnet hf sér nú um öflun orku vegna tapa í flutningslínunum sínum sem áður tilheyrðu Orkubúinu og er orka vegna þeirra tapa ekki lengur innifalin í ofangreindum tölum.

Orkusala jókst um 3,3% frá fyrra ári og nam alls 208,4 GWh. Til húshitunar voru seldar 136,7 GWh sem er 65,6% af heildarorkusölu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, er lagður 24,5% virðisaukaskattur. Á húshitun er lagður 14% virðisaukaskattur, en 63% skattsins eru endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun er því 5,18% nettó.

Vegna aðskilnaðar raforkusölu annars vegar og flutnings og dreifingar hinsvegar tóku nýjar verðskrár gildi gagnvart orkukaupendum í mars og apríl. Við ákvörðun verðskráanna var haft að leiðarljósi að tekjur Orkubúsins yrðu óbreyttar. Þegar verðskrárnar eru bornar saman við verðskrár annarra orkufyrirtækja kemur í ljós að orkuverð á Vestfjörðum var það lægsta á landinu.

Á árinu 2005 varð afkoma Orkubús Vestfjarða heldur betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 13 Mkr. en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri, sem nam um 70 Mkr. Afskriftir námu alls 218 Mkr. Eignir fyrirtækisins í árslok 2005 voru alls 4.638 Mkr. og heildarskuldir 486 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.152 Mkr. sem er um 89,5% af heildafjármagni.

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Starfsumhverfi orkufyrirtækja breyttist mikið með setningu raforkulaga árið 2003. Nú þarf að greina á milli framleiðslu, flutnings, dreifingar og sölu hjá raforkufyrirtækjum. Jafnframt hefur komist á samkeppni í sölu og framleiðslu á rafmagni.

Fyrirtækið Landsnet hefur nú umsjón með meginflutningskerfi raforku á landinu öllu. Orkubú Vestfjarða hefur lagt eignir sínar í flutningskerfum inn í Landsnet sem hlutafé. Orkubúið og Landsnet hafa gert samning um að umsjón flutningskerfisins á Vestfjörðum verði áfram í höndum starfsmanna Orkubúsins.

Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun hafa stofnað sérstakt fyrirtæki sem á að annast orkuöflun og orkusölu á smásöllumarkaði. Ætlunin er að fyrirtækin þrjú leggi eignir inn í hið nýja fyrirtæki en eignist í staðinn hlutafé í því. Gert er ráð fyrir því að Orkubúið leggi virkjanir sínar inn í fyrirtækið en eignist þess í stað um 35% hlut í hinu nýja fyrirtæki. Starfsmenn Orkubúsins munu þó annast rekstur virkjananna áfram samkvæmt samningum við hið nýja fyrirtæki.

Kjarninn í starfsemi Orkubús Vestfjarða hf. verður dreifing orku á Vestfjörðum. Fyrirtækið mun þó einnig annast þjónustu fyrir aðila sem annast raforkuflutning, orkuöflun og orkusölu. Fyrirgreindar breytingar munu því væntanlega hafa takmörkuð áhrif á starfsmenn Orkubúsins.

Fyrir liggur viljayfirlýsing eigenda Landsvirkjunar um að ríkið leysi til sín eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í fyrirtækinu. Ekki hefur tekist að leiða það mál til lykta, þótt líklegt verði að teljast að það gerist fyrir en síðar.

Ríkið hefur lýst því yfir að það ráðgeri að sameina Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða hf. eftir að hafa leyst til sín eignarhluta sveitarfélaganna í Landsvirkjun. Þetta er þó háð því að fyrirgreind viljayfirlýsing eigenda Landsvirkjunar verði að veruleika. Málið er því í biðstöðu. Nýlega samþykkti Alþingi að breyta Rafmagnsveitum ríkisins í hlutafélag en það er ein af forsendunum fyrir því að af sameiningu geti orðið. Gert hefur verið ráð fyrir að sameiningin verði með þeim hætti að mynduð verði samstæða nokkurra fyrirtækja og Orkubú Vestfjarða verði sjálfstætt fyrirtæki innan samstæðunnar.

Rekstur Orkubús Vestfjarða hf. á árinu 2005 gekk vel. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2005 varð 70 m.kr. hagnaður af rekstri. Er það töluvert betri afkoma en á árinu 2004. Skýrist það m.a. af því að á árinu 2005 myndaðist söluhagnaður vegna eigna sem runnu til Landsnets en einnig voru afskriftir fastafjármuna lægri en árið á undan. Veltufé frá rekstri nam 263 m.kr. á árinu 2005 og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var um 267 m.kr.

Tungudalsvirkjun hóf framleiðslu rafmagns um síðustu áramót. Virkjað er vatn sem kemur út úr jarðgöngunum í nágrenni Ísafjarðar. Virkjunin er um 700 kW og fjármögnuð með eigin fé Orkubúsins.

Að lokum eru stjórn og starfsfólki Orkubúsins færðar kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á síðasta starfsári.

Guðmundur Jóhannsson



Kaldalón.



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2005

Rafveitusvið

Háspennulínur og strengir:

Unnið að styrkingu Tálknafjarðarlínu fyrir Landsnet þar sem tvístæður koma í stað einstaura. Spennuhækkað á Patreksfjarðarlínu úr 33 í 66 kV. 2 km jarðstrenglagnir í tengslum við Tungudalsvirkjun og 2,3 km af Arnarneslínu grafnir vegna snjóflóða. 3 km strengur lagður frá spennistöð við Vallargötu á Þingeyri að Þingeyrarflugvelli. 2,5 km strengur lagður frá Reykhólum að Þörungaverksmiðju.

Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Skipt á 6 MVA aflspenni í Bolungarvík með 10 MVA frá aðveitustöðinni á Ísafirði. Pantaður nýr 15 MVA spennir fyrir Ísafjörð. Spennaskipti með uppsetningu á 6 MVA 66/11 og 3 MVA 19/11 spennem og breytingar á innirofum aðveitustöð Patreksfirði vegna spennuhækkunar í 66 kV.

Útstöðvarnar í aðveitustöðvunum á Bíldudal, Hrafnseyri og Þingeyri endurnýjaðar. Ný útstöð sett upp í rafstöðinni á Flateyri.

Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Lágspennukerfi í Hnífsdal lagfært og nýtt dreifikerfi á Langeyri í Súðavík samfara gatnaframkvæmdum. Rofar í deilistöð Bolungarvík endurnýjaðir og nýir rofar og spennar settir upp í spennistöð Tungudalsvirkjunar. Hafin stækkun á verkstæðisbyggingu á Hólmavík.



Styrking á Tálknafjarðarlínu.

Orkusvið

Dreifikerfi hitaveitna og kyndistöðvar:

Dreifikerfið á Flateyri stækkað og nær til húsa við Ólafstún og Goðatún. Skorsteinar kyndistöð Ísafirði endurnýjaðir. Steyptur grunnur að nýrri dælustöð við Álftarland Reykhólum.

Virkjanir:

Lokið við endurbyggingu Blævardalsárvirkjun, með 220 kW vatnshverfli, gangráð, rafala, stjórnbúnað og 12 kV stýranlegum rofum. Nýtt stöðvarhús fyrir Tungudalsvirkjun byggt í Tungudal inn af Skutulsfirði. Lögð rúmlega 1.200 m þrýstivatnspípa úr trefjaplasti, 800 mm þvermál og inntakspró byggð við affal Vestfjarðarganga. Einnig var löggð 300 mm tengilögn úr vatnsveitu Tunguáar. Uppsetning vél og rafbúnaðar að mestu lokið. Unnið að lagfæringu á starfsmannaaðstöðu í Mjólka og utanhússviðgerðir á stöðvarhúsi.

Annað:

Áframhaldandi þróun á tölvukerfum og endurnýjun á 2 bílum. Ein dráttarvél var keypt.



Mjólkárirkjun.



HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2006

Rafveitusvið

Háspennulínur og strengir:

Gagngerar endurbætur á Bíldudalslínu yfir Hálfán. Undirbúningur á endurnýjun sæstrengs yfir Ísafjörð, frá Reykjanesi að Nauteyri. Færsla á Breiðadalslínu 1 í Bjarnadal.

Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Uppsetning á nýjum 15 MVA aflspenni í aðveitustöðinni á Ísafirði. Vinna forathugun í samvinnu við Landsnet á nýrri staðsetningu sömu stöðvar. Spennaskipti á Bíldudal. Endurnýja útstöð aðveitustöð Patreksfirði og Keldeyri. Einnig þær útstöðvar sem eftir eru í spennistöðvum á Ísafirði og þar með eru allar útstöðvar komnar á IGSS skjákerfið og það gamla endanlega lagt niður.

Tvær nýjar útstöðvar settar upp í spennistöðvum á Hólmavík og sitt hvor útstöðin í Tungudalsvirkjun og Blævardalsárvirkjun ásamt gagnasambandi.

Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Ný spennistöð og háspennustrengur á Suðurtanga á Ísafirði. Endurnýja spennistöðvarnar við Njarðarsund Ísafirði, Árvöllum Hnífsdal og Lækjargötu Tálknafirði. 220 V lágspennukerfi endurnýjuð í Heiðarbraut, Hlíðarvegi og Smiðjugötu Ísafirði. Nýtt kerfi í Lundarhverfi Ísafirði samhliða gatnaframkvæmdum. Nýir rofar settir í spennistöð við Kópanesbraut á Hólmavík og Álfabyggð Súðavík. Háspennustrengur frá Bót að rafstöð Flateyri endurnýjaður. Ný spennistöð og rofar við Suðurgötu á Reykhólum.

Lokið við nýja verkstæðisbyggingu á Hólmavík.



Pípulögn að Tungudalsvirkjun.

Orkusvið

Dreifikerfi hitaveitna og kyndistöðvar:

3 MW rafskautsketill endurnýjaður í kyndistöð Bolungarvík með 690 V túpukatli. Lokið við dælistöð Álfarlandi Reykhóla og lagningu 80 mm tengilagnar milli dreifikerfa efra og neðra jarðhitasvæðis. Djúpvatnsdælur á Laugum Súgandafirði endurnýjaðar.

Pollgötulögn endurnýjuð á 300 m kafla framhjá Edinborgarhúsi og stækkun á dreifikerfi Lundarhverfi Ísafirði.

Virkjanir.

Gangsetning á Tungudalsvirkjun í Skutulfirði. 700 kW að stærð og að fullu fjarstýranleg. Lokafrágangur á húsnaði og umhverfi. Ljúka við nýja starfsmannaaðstöðu og utanhúsfrágang á stöðvarhúsi í Mjólka. Skoða hagkvæmi viðbótar véla í Mjólka, samtals rúm 2 MW. Endurnýja gangráð og stjórnbúnað Mýrarárvirkjun, auk uppsetningar á vatnshæðarstýringu.



Grafið fyrir grunni dælustöðvar á Reykhólum.

ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA



Íbúatala	Breyting frá	Íbúatala	Breyting frá
1.12.2005	1.12.2004	1.12.2004	1.12.2003

Svæði I:

Bolungarvík	918	-12	930	-14
Ísafjarðarbær	4.109	-25	4.134	7
Súðavíkurreppur	235	0	235	6
Samtals svæði I	5.262	-37	5.299	-1

Svæði II:


Tálknafjarðarhreppur	297	-28	325	-24
Vesturbyggð	965	-54	1.019	-54
Samtals svæði II	1.262	-82	1.344	-78

Svæði III:

Árneshreppur	50	-7	57	1
Broddaneshreppur	53	0	53	-1
Bæjarhreppur	105	2	103	2
Hólmanvíkurhreppur	447	-18	465	-29
Kaldrananeshreppur	112	-5	117	-8
Reykholahreppur	255	-7	262	-21
Samtals svæði III	1.022	-35	1.057	-56

Vestfirðir samtals	7.546	-154	7.700	-135
---------------------------	--------------	-------------	--------------	-------------

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2005





Undirstöður Tungudalsvirkjunar.

ÁRSREIKNINGUR 2005



ORKUBÚ VESTFJARÐA HF.



Orkusel við Þverárvirkjun.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra	11
Áritun endurskoðenda	12
Rekstrarreikningur	13
Efnahagsreikningur	14-15
Sjóðstreymi	16
Skýringar og sundurliðanir	17-23
Rekstrar- og efnahagsstærðir	23



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2005 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða hf. sem nam 70 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða hf. í árslok 2005 voru alls 4.638 millj. kr. og heildarskuldir alls 486 millj. kr. Eigið fé nam því alls 4.152 millj. kr. sem er um 89,5% af heildarfjármagni.

Eigandi Orkubús Vestfjarða hf. er Ríkissjóður Íslands.

Árið 2005 var mjög gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða hf. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var í meðallagi á árinu og rekstaráfall nánast engin. Annað sem einkenndi árið voru miklar framkvæmdir og var framkvæmt fyrir 343 millj. kr.

Unnið var áfram að virkjunarráttum á Glámuhálendinu og á Ófeigsfjarðarheiði. Í lok desember var 700 kW virkjun í Tungudal í Skutulsfirði gangsett.

Landsnet hf. var stofnað á árinu 2004 og á Orkubúið 6,41% í félaginu. Rekstur Landsnets hf. hófst í ársbyrjun 2005 og tók við rekstri 66 kV kerfis Orkubúsins frá þeim tíma. Fyrirhugað var að þessar eignir yrðu færðar til Landsnets hf. 1. janúar 2005, en þar sem endanlegt yfirtökuverð lá ekki fyrir gat ekki orðið af því. Eignirnar voru því leigðar til Landsnets hf. á árinu. Samkvæmt samkomulagi sem gert var 1. júlí voru allar eignirnar yfirfærðar til Landsnets hf. í lok árs 2005. Bókfært verð þeirra eigna sem Landsnet hf. yfirtók frá Orkubúinu í árslok 2005 var um 303 millj. kr.

Alþingi samþykkti ný raforkulög þann 15. mars 2003. Þessi lög hafa valdið nokkrum breytingum á rekstri Orkubús Vestfjarða hf.

Orkubúið, RARIK og Landsvirkjun stofnuðu þann 10. mars 2006 Orkusöluna ehf. Er tilgangur félagsins að kaupa, selja og framleiða raforku. Orkubúið mun leggja til Orkusölnunna ehf., Mjólkársvirkjun, Reiðhjallavirkjun, Engidalsvirkjun og Þverárvirkjun. Verðmæti þeirra eigna sem Orkusalan ehf. yfirtekur er um 1.100 millj. kr. Orkubúið mun annast áfram rekstur þessara virkjana.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða hf. staðfesta hér með ársreikning Orkubús Vestfjarða hf. fyrir árið 2005.

Ísafirði, 26. apríl 2006

Guðmundur Jóhannsson
stjórnarformaður

Þorsteinn Jóhannesson

Ólafur Þ. Benediktsson

Haraldur V. Jónsson

Björgvin Sigurjónsson

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Orkubús Vestfjarða hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkubús Vestfjarða hf. fyrir árið 2005 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-33. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda félagsins og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra. Okkur ber að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningssskila- og matsreglum, sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengið nægilega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Orkubús Vestfjarða hf. á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og settar reikningssskilareglur.

Ísafirði, 26. apríl 2006

Löggiltir Endurskoðendur
Vestfjörðum ehf.

Guðmundur E. Kjartansson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005

Rekstrartekjur:		2005	2004
	Skýr.	pús. kr.	pús. kr.
Raforkusala	22	792.069	696.202
Sala á heitu vatni	23	328.966	311.956
Tengigjöld	2	26.596	19.600
Aðrar tekjur	24	127.310	30.987
		<u>1.274.941</u>	<u>1.058.745</u>

Rekstrargjöld:

Rekstur raforkukerfis:			
Orkuver	25	125.497	115.186
Raforkukaup	26	380.079	245.742
Raforkuflutningur	27	37.611	28.871
Aðveitu- og dreifikerfi	28	119.113	125.910
		<u>662.300</u>	<u>515.709</u>
Rekstur hitaveitukerfis:			
Raforkukaup		63.142	59.180
Kyndistöðvar og borholur		51.217	36.227
Dreifikerfi		13.689	19.039
		<u>128.048</u>	<u>114.446</u>
Sameiginlegur rekstrarkostnaður	5, 32	<u>217.780</u>	<u>225.224</u>
		<u>1.008.128</u>	<u>855.378</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti		266.813	203.367
Afskriftir	7, 8	<u>217.662</u>	<u>244.034</u>
Hagnaður (tap) án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda)		49.151	(40.667)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur og verðbætur		26.389	27.571
Vaxtagjöld		(2.952)	(2.371)
Fjármagnstekjuskattur	16	(2.504)	(2.529)
		<u>20.933</u>	<u>22.671</u>

Hagnaður (tap) 70.084 (17.996)

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

Fastafjármunir:	Skýr.	2005 þús. kr.	2004 þús. kr.
Óefnislegar eignir:			
Virðjanarannsóknir	1, 7	47.000	51.091
Varanlegir rekstrarfjármunir:	1, 8		
Raforkukerfi		2.552.389	2.774.309
Hitaveitukerfi		383.059	394.810
Aðrir rekstrarfjármunir		679.694	621.247
		<u>3.615.142</u>	<u>3.790.366</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Hlutabréf	12	356.098	2.864
Aðrar langtímakröfur		1.219	6.423
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna		(1.219)	(3.477)
		<u>356.098</u>	<u>5.811</u>
Fastafjármunir		<u>4.018.240</u>	<u>3.847.268</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	6	85.918	79.214
Skammtímakröfur:	5		
Útistandandi orkureikningar	29	175.230	182.312
Aðrar skammtímakröfur	30	313.872	273.580
Næsta árs afborgarnir langtímakrafna		1.219	3.477
Handbært fé		43.482	132.825
Veltufjármunir		<u>619.721</u>	<u>671.407</u>
Eignir samtals		<u>4.637.961</u>	<u>4.518.675</u>



31. DESEMBER 2005

Skuldir og eigið fé

		2005	2004
Eigið fé:	Skýr.	þús. kr.	þús. kr.
Eigið fé	14	4.151.848	4.081.764
Skuldbindingar:			
Lífeyrisskuldbinding	15	328.253	308.261
		<u>328.253</u>	<u>308.261</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán		2.439	4.684
Næsta árs afborganir		(2.439)	(2.342)
		<u>0</u>	<u>2.342</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda		2.439	2.342
Ýmsar skammtímaskuldir	31	155.421	123.965
		<u>157.860</u>	<u>126.307</u>
		Skuldir samtals	486.113
		<u>486.113</u>	<u>436.911</u>
		Skuldir og eigið fé samtals	4.637.961
		<u>4.637.961</u>	<u>4.518.675</u>
Aðrar skuldbindingar:	19		

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2005

	2005	2004
	þús. kr.	þús. kr.
Handbært fé frá rekstri:		
Hagnaður (tap) skv. rekstrarreikningi	70.084	(17.996)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Söluhagnaður eigna	(49.213)	(378)
Afskriftir	217.662	244.034
Verðbætur af langtímaskuldum	152	69
Niðurfellt víkjandi lán		(23.001)
Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar	24.354	45.364
Veltufé frá rekstri	<u>263.039</u>	<u>248.092</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Birgðir, (hækkun), lækkun	(6.704)	3.652
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	(34.429)	17.027
Skammtímaskuldir, hækkun	25.256	2.829
Breytingar alls	<u>(15.877)</u>	<u>23.508</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>247.162</u>	<u>271.600</u>
 Fjárfestingarhreyfingar:		
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(5.789)	(1.815)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:		
Raforkukerfi	(225.135)	(127.440)
Hitaveitukerfi	(18.699)	(18.153)
Aðrir rekstrarfjármunir	(93.203)	(28.854)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	353.692	791
Keypt hlutabréf	(353.234)	(590)
Aðrar langtímakröfur, lækkun	6.423	362
Fjárfestingarhreyfingar	<u>(335.945)</u>	<u>(175.699)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar:		
Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar	8.639	5.025
Greiddar lífeyrisskuldbindingar ársins	(4.362)	(3.047)
Langtímalán, lækkun	(4.836)	(2.147)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(559)</u>	<u>(169)</u>
 Hækkun á handbæru fé	<u>(89.342)</u>	<u>95.732</u>
Handbært fé í ársbyrjun	<u>132.824</u>	<u>37.092</u>
Handbært fé í árslok	<u>43.482</u>	<u>132.824</u>



SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Orkubús Vestfjarða hf. er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.
2. Tengigjöld notenda námu alls 26,6 millj. kr. á árinu 2005. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 2,2% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.
3. Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs. Hafar verður í huga að þessar fjárhæðir eru ekki alveg sambærilegar milli ára þar sem grundvallarbreyting hefur orðið á rekstrarumhverfi Orkubúsins.
4. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2006 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.
5. Niðurfærsla krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2005	2004
Niðurfærsla krafna í ársbyrjun	28.251	30.063
Afskrifaðar kröfur á árinu	(21.725)	(22.302)
	6.526	7.761
Niðurfærsla krafna gjaldfærð á árinu	25.338	20.490
Niðurfærsla krafna í árslok	31.864	28.251

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

6. Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

Óefnislegar eignir

7. Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

Virkjanarannsóknir:

Heildarverð 1.1. 2005	97.830
Afskrifað áður	(46.739)
Bókfært verð 1.1. 2005	51.091
Viðbót á árinu	5.789
Afskrifað á árinu	(9.879)
Bókfært verð 31.12. 2005	47.001
Afskriftarhlutfall	10,0%

Skýringar frh.

Varanlegir rekstrarfjármunir

8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

Raforkukerfi:

	Orkuver	Veitukerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2005	2.945.496	4.832.738	7.778.234
Afskrifað áður	(1.563.621)	(3.442.505)	(5.006.126)
Bókfært verð 1.1. 2005	1.381.875	1.390.233	2.772.108
Viðbót á árinu	116.859	98.737	215.596
Selt á árinu		(302.507)	(302.507)
Afskrifað á árinu	(45.684)	(87.124)	(132.808)
Bókfært verð 31.12. 2005	1.453.050	1.099.339	2.552.389
Afskriftarhlutföll	1,67-5,0%	3,3-4,0%	

Hitaveitukerfi:

	Borholur og kyndistöðvar	Dreifikerfi	Samtals
Heildarverð 1.1. 2005	409.045	1.042.120	1.451.165
Afskrifað áður	(324.221)	(737.215)	(1.061.436)
Bókfært verð 1.1. 2005	84.824	304.905	389.729
Viðbót á árinu	8.536	8.953	17.489
Afskrifað á árinu	(6.985)	(17.173)	(24.158)
Bókfært verð 31.12. 2005	86.375	296.685	383.060
Afskriftarhlutföll	5,0-10,0%	4,0%	

Aðrir rekstrarfjármunir:

	Fasteignir	Bifreiðir, áhöld og annar búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1. 2005	892.226	233.310	1.125.536
Afskrifað áður	(354.550)	(142.457)	(497.007)
Bókfært verð 1.1. 2005	537.676	90.853	628.529
Viðbót á árinu	54.973	48.979	103.952
Selt á árinu	(633)	(1.339)	(1.972)
Afskrifað á árinu	(17.856)	(32.959)	(50.815)
Bókfært verð 31.12. 2005	574.160	105.534	679.694
Afskriftarhlutföll	2,0%	20,0%	

9. Vátryggingarverðmæti bygginga orkuvera og kyndistöðva er alls 772,0 millj. kr. en annarra bygginga 303,0 millj. kr. Fasteignamat skrifstofubygginga nemur 27,8 millj. kr.

10. Í árslok átti Orkubúið 23 bifreiðar, 17 vélsleða, 4 dráttarvélar og 1 lyftara.



Skýringar frh.

11. Eignfærður framkvæmdakostnaður greinist þannig í þús. kr.:

	2005	2004
Fasteignir	54.973	3.673
Virkjanir	118.338	56.611
Virkjanarannsóknir	5.789	1.815
Díselvélar		991
Aðveitulínur	28.496	18.592
Aðveitustöðvar	29.659	2.847
Innanbæjarkerfi	48.642	48.399
Kyndistöðvar og borholur	9.746	5.111
Dreifikerfi hitaveitna	8.953	13.042
Bírfreiðar	13.411	5.835
Áhöld og tæki	6.256	5.363
Tölvubúnaður	18.563	13.983
	<u>342.826</u>	<u>176.262</u>

Nýframkvæmdir eru afskrifaðar þegar fjárfestingin er tilbúin til notkunar. Í framkvæmdakostnaði er 30,3 millj. kr. vegna hlutdeildar í sameiginlegum rekstrarkostnaði.

Áhættufjármunir og langtímakröfur

12. Yfirlit um hlutafjäreign Orkubús Vestfjarða hf. í þús. kr.:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Netorka hf.	3,00%	720	2.700
Aðlöðun hf.	0,32%	229	229
Landsnet hf.	6,41%	352.725	352.725
Dalsorka ehf.	10,00%	444	444
		<u>354.118</u>	<u>356.098</u>

Allar 66 kV línur og aðveitustöðvar sem tilheyra 66 kV kerfi Orkubúsins voru seldar til Landsnets hf. í árslok 2005. Söluverð var greitt með útgáfu hlutabréfa.

13. Langtímakröfur

Á árinu 1997 var gerður samningur við Ísafjarðarbæ um orkukaup frá sorpbrennslustöðinni Funa. Orkubúið lagði út fyrir stofnkostnaði á lögn frá Funa að kyndistöð í Holtahverfi að fjárhæð 28,4 millj. kr. og færði til tekna undir tengigjöldum. Ísafjarðarbær endurgreiðir Orkubúinu útlagðan kostnað með sölu orku úr Funa til Orkubúsins á árunum 1997 til 2005. Fyrirframgreiðsla Orkubúsins vegna samnings þessa er færð á áhættufjármuni og langtímakröfur í efnahagsreikning. Ljóst er að þessi samningur greiðist ekki upp fyrir en á árinu 2006.

Eigið fé

14. Yfirlit um eiginfjárreikninga í þús. kr.:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	3.049.914	1.016.637	15.213	4.081.764
Hagnaður ársins			70.082	70.082
Eigið fé 31.12. 2005	<u>3.049.914</u>	<u>1.016.637</u>	<u>85.295</u>	<u>4.151.846</u>

Skýringar frh.

Skuldbindingar

15. Á Orkubúi Vestfjarða hf. hvílir reiknuð skuldbinding vegna lífeyrisréttinda þeirra starfsmanna Orkubús Vestfjarða hf. sem eru í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Vegna þessa hefur verið myndaður reikningur vegna lífeyrisskuldbindingar sem færður er meðal skuldaliða í efnahagsreikningi. Lífeyrisskuldbindingin er vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna til 1. júlí 2001 og er samkvæmt tryggingafræðilegu mati 31. desember 2005. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

	2005	2004
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	308.261	265.945
Greiddar lífeyrisskuldbindingar	(4.361)	(3.047)
Framlag ársins vegna lífeyrisskuldbindinga	24.353	24.733
Leiðrétting v/br. lífeyristöku úr 68 árum í 65		20.630
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>328.253</u>	<u>308.261</u>

Lífeyrisskuldbinding sem hefur myndast eftir 1 júlí 2001 er greiðsluskyld á því ári sem hún myndast og er gerð upp árlega. Aðrar lífeyrisskuldbindingar eru engar í árslok.

Skattamál

16. Orkubúi Vestfjarða hf. greiðir ekki tekju- eða eignarskatt sbr. lög nr. 40 um Orkubúið frá 2001. Orkubúið greiðir tryggingagjald og fasteignagjöld til sveitarfélaga. Orkubúið greiðir 10% fjármagnstekjuskatt. Reiknaður fjármagnstekjuskattur er 2,5 millj. kr.

Í samræmi við lög nr. 50 frá árinu 2005 verður fyrirtækið tekjuskattsskyldt á árinu 2006. Tekjuskattseign þess er áætluð veruleg við upphaf skattskyldu. Hún stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Tekjuskattsstofn fyrirtækisins verður miðaður við aðrar forsendur en reikningskil þess.

Orkubúið fékk endurgreiddan virðisaukaskatt af sölu á heitu vatni og rafmagni til hitunar húsa og laugarvatns skv. reglugerð nr. 484/1992. Á húshitun er lagður 14% virðisaukaskattur, en 63% skattsins eru endurgreidd og nam þessi endurgreiðsla 55,2 millj. kr. á árinu 2005.

Skuldbindingar

19. Á Orkubúi Vestfjarða hf. hvíla engar ábyrgðarskuldbindingar.

Starfsmannamál

20. Laun og launatengd gjöld greinast þannig í þús. kr.:

	2005	2004
Laun	302.921	273.662
Launatengd gjöld	49.399	41.610
Lífeyrisskuldbindingar	29.756	31.179
	<u>382.076</u>	<u>346.451</u>
Starfsmenn	61	64

Laun stjórnar voru 4,1 millj. kr., orkubússtjóra 11,9 millj. kr. og þriggja framkvæmdastjóra sviða 25,9 millj. kr., þóknun til endurskoðanda var 1,2 millj. kr.



Skýringar frh.

Sundurliðanir	2005 þús. kr.	2004 þús. kr.
22. Raforkusala greinist þannig:		
Raforkusala	290.648	301.483
Raforkusala vegna dreifingar	336.417	286.918
Dreifibýlisframlag	20.069	
Afsláttur Landsvirkjunar til húshitunar		13.387
Niðurgreiðslur raforku til húshitunar	107.297	87.591
Tekjur vegna varaafls	37.638	6.823
	<u>792.069</u>	<u>696.202</u>
23. Sala á heitu vatni greinist þannig:		
Sala á heitu vatni	253.919	239.594
Veittur afsláttur O.V. af hitaveitusölu	(11.974)	(13.980)
Niðurgreiðslur hitaveitu til húshitunar	87.021	86.342
	<u>328.966</u>	<u>311.956</u>
24. Aðrar tekjur greinast þannig:		
Seld þjónusta	48.090	
Leigutekjur v/ Landsnets hf.	22.228	
Söluhagnaður v/ eignar til Landsnets hf.	48.954	
Víkjandi lán fellt niður		23.000
Aðrar tekjur	8.038	7.987
	<u>127.310</u>	<u>30.987</u>
25. Rekstur orkuvera greinist þannig:		
Vatnsafsvirkjanir	79.368	79.731
Díselvélar	46.129	35.455
	<u>125.497</u>	<u>115.186</u>
26. Raforkukaup greinast þannig:		
Raforkukaup frá Landsvirkjun	187.406	205.153
Flutningskostnaður Landsnets hf	145.250	
Raforkukaup frá smávirkskjunum og jöfnunarorka	47.423	40.590
	<u>380.079</u>	<u>245.742</u>
27. Raforkuflutningur greinist þannig:		
Aðalorkuflutningslínur	17.665	12.061
Aðveitustöðvar	19.946	16.810
	<u>37.611</u>	<u>28.871</u>
28. Rekstur aðveitu- og dreifikerfis greinist þannig:		
Aðveitulínur	9.553	9.720
Innanbæjarkerfi	109.560	116.190
	<u>119.113</u>	<u>125.910</u>
29. Útistandandi orkureikningar greinast þannig:		
Orkureikningar í skilum	142.548	144.316
Orkureikningar í vanskilum	64.061	64.100
Niðurfærsla útistandandi orkureikninga	(31.379)	(26.104)
	<u>175.230</u>	<u>182.312</u>

Skýringar frh.

	2005 þús. kr.	2004 þús. kr.
30. Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Iðnaðarráðuneytið vegna niðurgreiðslna	51.503	31.683
Bundnar bankainnstæður	181.905	217.640
Aðrar skammtímakröfur	31.600	26.404
Landsnet hf.	49.349	
Niðurfærsla skammtímakrafna	(485)	(2.147)
	<u>313.872</u>	<u>273.580</u>
31. Skammtímaskuldir greinast þannig:		
Landsvirkjun	42.924	27.890
Virðisaukaskattur	6.085	(470)
Fjármagnstekjuskattur	323	621
Lífeyrisskuldbinding til greiðslu árið 2006	8.061	10.095
Reiknað áunnið orlof	33.441	32.257
Aðrir viðskiptamenn	64.587	53.572
	<u>155.421</u>	<u>123.965</u>
32. Sameiginlegur rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Laun	119.103	121.252
Bifreiðastyrkir	11.947	12.518
Fæðis-/dagpeningar	2.533	2.932
Lífeyrisskuldbind. v/br. lífeyristöku úr 68 árum í 65		20.630
Laun og launatengd gjöld	<u>133.583</u>	<u>157.332</u>
Pappír, prentun og ritföng	2.100	2.248
Sími og burðargjöld	1.175	1.890
Viðhald búnaðar	667	2.618
Auglýsingar	538	559
Bifreiðakostnaður	1.049	2.199
Tölvu- og forritunarkostnaður	11.703	10.693
Gjafir, risna og starfsmannakostnaður	855	1.301
Ýmsir styrkir og framlög	1.493	967
Almennur skrifstofukostnaður	<u>19.580</u>	<u>22.475</u>
Fargjöld og dvalarkostnaður	3.905	4.516
Ráðstefnugjöld og námskeið	913	1.203
Sérfræðiþjónusta	5.800	4.788
Niðurfærsla krafna sbr. skýr. 5	25.338	20.490
Verðbreytingar á lager og fl.	635	(1.733)
Flutningsgjöld	2.309	1.425
Rekstur fasteigna	18.002	10.058
Vátryggingar	3.865	2.900
Gjald til Neytendastofu og Orkustofnunar og fl.	5.364	5.395
Árgjald Samorku	1.184	948
Millideildatekjur	(2.698)	(4.573)
Annar rekstrarkostnaður	<u>64.617</u>	<u>45.417</u>
Alls	<u>217.780</u>	<u>225.224</u>



Skýringar frh.

33. Rekstrargjöld greinast þannig í þús. kr.:

	Dreifing raforku þéttbýli	Dreifing raforku dreifbýli	Raforku fram- leiðsla	Raforku kaup og flutningur	Hitaveita og seld þjónusta	Samtals
Orkuver			125.497		51.217	176.714
Raforkukaup				234.829	63.142	297.971
Raforkuflutningur	6.983			145.250	30.628	182.861
Aðveitu- og dreifikerfi	74.337	44.776			13.689	132.802
	81.320	44.776	125.497	380.079	158.676	790.348
Sameiginlegur rekstrarkostnaður						217.780
Afskriftir						217.662
						<u>1.225.790</u>

REKSTRAR- OG EFNAHAGSSTÆRÐIR

Á verðlagi hvers árs, millj. kr.	2005	2004	2003	2002	2001
Heildareignir	4.638	4.519	4.517	4.587	4.657
Eigið fé	4.152	4.082	4.100	4.196	4.299
Rekstrartekjur	1.275	1.058	996	986	935
Rekstrargjöld	1.008	855	785	790	757
Afskriftir	218	244	316	310	290
Rekstrarhagnaður fyrir afskr. og vexti	267	203	211	195	178
Hagnaður (tap)	70	(18)	(86)	(103)	(113)
Veltufé frá rekstri	263	248	248	231	245
Fjárfestingar í veitukerfi	342	176	194	187	353
Kennitölur					
Hagnaðarhlutfall, %	5,50	(1,70)	(8,60)	(10,46)	(12,05)
Arðsemi eigna, %	1,08	(0,90)	(2,32)	(2,47)	(2,52)
Arðsemi eigin fjár, %	1,69	(0,45)	(2,01)	(2,37)	(2,66)
Lausafjórhlutfall	3,38	4,69	4,33	3,89	3,77
Veltufjórhlutfall	3,93	5,32	5,03	4,55	4,56
Hagnaður/skuldir, % *)	54,89	46,55	50,49	50,02	49,74
Eiginfjórhlutfall, %	89,52	90,33	90,76	91,48	92,32
Magnölur					
Orkusala, GWh	208	202	193	201	194
Eigin orkuvinnsla, GWh	88	93	81	90	84
Forgangorkukaup, GWh	63	60	60	67	68
Ótryggð orkukaup, GWh	83	81	76	76	74
Starfsmannafjöldi	61	64	64	66	68

*) Árlegur rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti sem hlutfall af heildarskuldum.



KRAFTURINN Í ÁNNI

Í tilefni af 40 ára afmæli Mýrarárvirkjunar og Rafveitu Snæfjalla á árinu 2005 gaf Snjáfjallasetur út bókina "Krafturinn í ánni" eftir Helga M. Sigurðsson. Í þessari bók er fjallað um rafvæðingu í Inndjúpi. Hér á eftir eru nokkur brot úr þessari bók.

Mýrarárvirkjunin var lengi minnsta vatnsaflsvirkjun landsins sem tengd var almenningsrafveitu, 60 kW. En vægi hennar var meira en stærðin gefur til kynna, því að hún ruddi brautina fyrir tvær aðrar virkjanir í Inndjúpi, Blævadalsárvirkjun og Sængurfossvirkjun, ásamt rafvæðingu Inndjúps alls.

Mýrarárvirkjun og rafveitan í Snæfjallahreppi bera vitni mikilli sjálfsbjargarviðleitni þeirra sem að þeim stóðu. Ýmsir sérfræðingar og forystumenn í rafveitumálum hafa jafnframt lofað hana, þar á meðal Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri, einn helsti áhrifamaður landsins á því sviði á 20. öld. Umsögn hans, frá árinu 1974, var á þessa leið:

Ein eftirtektarverðasta rafveitan á Vestfjörðum er á Snæfjallaströndinni ... Rafveita þessi skilar 40.000-50.000 kWst árlega á hvert býli, sem nægir til lýsingar alstaðar, hitunar og heimilisnota auk búrekstrarins eftir því sem rafvélar og tæki eru fyrir hendi. Þetta er líklega ódýrasta og afskekktasta rafveitan.

Hugað að virkjun

Ætla hefði mátt að Snæfjallamenn myndu láta sér nægja raforkuna frá díslvélnum eins og aðrir í þeirra sporum. En svo var ekki og ástæðan fyrir því var fyrst og fremst kappsemi eins manns, Engilberts Ingvarssonar, bónda á Tirðilmýri. Engum blandast hugur um að hann dreif áfram undirbúning og framkvæmdir við sameiginlega vatnsaflsstöð og rafvæðingu sveitarinnar. Hann vissi að náttúruleg skilyrði til virkjunar voru fyrir hendi og sá rafveitu sem brýnt hagsmunamál. En rafveitan mundi ekki verða að veruleika í hreppnum nema heimamenn sjálfir stæðu að henni. Við áform sín naut Engilbert dyggs stuðnings sveitunga sinna sem treystu honum á öllum sviðum, við fjáröflun, framkvæmdir og rekstur. Það sem hann helst skorti var tækniþekkingin en hana sótti hann til Ásgeirs Sæmundssonar iðn- og tækniþræðings.

Rafveita fyrst

Ásgeir ráðlagði Snæfjallamönnum að fara gætilega í virkjunaráformum sínum. Þeir skyldu byrja á að stofna rafveitu formlega og fá hana samþykkt. Að því loknu skyldi hugað að virkjun. Hreppsnefndin var því einnig mjög hlynnt. Í ársbyrjun 1963 setti hún rafmagnið efst á forgangslista sinn, ásamt vegagerðinni. Hinn 30. mars

sama ár var kjörin rafveitunefnd hreppsins í fyrsta skipti og varð Engilbert formaður.

Bárður Jakobsson lögfræðingur á Ísafirði var fenginn til að semja reglugerð fyrir Rafveitu Snæfjallahrepps. Hún var síðan samþykkt athugasemdalaust í hreppsnefndinni 29. maí 1963. Þá fór Engilbert suður sem oftast, nú með reglugerðina, og ræddi við Ingólf Jónsson atvinnumálaráðherra og staðfesti hann reglugerðina.

Vatnið beislað

Pegar sá fyrir endann á lánavafstrinu talaði Engilbert enn við Ásgeir. Hann benti honum á að fá Theodór Árnason verkfræðing til liðs við sig. Theodór féllst á þátttöku og brá hann sér vestur sumarið 1963 í vettvangsskoðun ásamt Ásgeiri. Að ferðinni lokinni teiknaði Theodór síðan mannvirki Mýrarárvirkjunar. Theodór tók ekkert fyrir vinnu sína.

Inntaksstífla Mýrarárvirkjunar er það mannvirki sem hæst stendur í fjallinu. Frá henni liggur aðrennsliðspípa að stöðvarhúsinu sem stendur við fjallsræturnar. Síðsumars árið 1963 var ákveðið að hefja framkvæmdir við virkjunina. Þá um haustið fór fram jarðvinna við inntaksstífluna og stöðvarhúsið var steipt upp. Stíflunni var fundinn staður rétt fyrir ofan skriður Mýrarfjalls. Vegna mikils halla var ekki unnt að gera jarðvegsstíflu. Hún var steipt upp og fóru um 50 m³ í gerð hennar. Malarflutningar og annað byggingarefni að stíflunni fóru fram með þeim hætti að fólk úr sveitinni, ekki síst ungmenni, mokuðu mól poka niðri í fjöru. Pallur úr tré var smíðaður á tönnina á jarðýtunni, pokarnir settir á hann og ýtan keyrð upp að stíflu. Lítil bensínsteypuvél var notuð við að hræra steypuna.

Ánni veitt frá

Theodór Árnason, sem teiknaði stífluna, gerði ráð fyrir að sprengja þyrfti rás fyrir Mýrará til að veita henni úr farvegi sínum meðan stíflan væri steipt. En heimamenn ákváðu að reyna fyrst aðra leið. Þeir komu saman við stíflustæðið einn eftirmiðdag með skóflur og járnkarla. Þaðan fóru þeir góðan spöl upp með ánni og settu í hana fyrirhleðslur með steinum og torfdræsum. Að því búnu var haldið aftur niður á við og margar smákvíslar grafnar í aur- og mosalagið til að beina ánni út fyrir farveginn. Hann var orðinn þurr um kvöldmatarleytið. Þannig var komist hjá öllum sprengingum.

En sprengja þurfti fyrir stíflunni sjálfri og var bensínknúin borvél tekin á leigu til að bora fyrir sprengiefninu.

Aðrennsliðspípa úr trefjaefni

Aðrennsliðspípa virkjunarinnar var keypt í Þýskalandi og



er 35 sm í þvermál að innanmáli. Hún er úr durasbesti sem er steintrefjar. Neðri hluti pípunnar er heldur efnis-meiri en sá efri og vega rörin þar 240 kg hvert um sig. Þau voru því ekki sérlega meðfærileg en komust á sinn stað með notkun Ferguson-dráttarvélarinnar frá Tirðilmýri. Voru þau lögð þvert á framlengt beisli hennar og þyngdi Grettir Engilbertsson, 16 ára, dráttarvélinu að framan með því að setjast á vélarhúsið þegar þess þurfti með.

Lengd pípunnar er 430 metrar en fallhæð niður að stöðvarhúsi um 80 m.

Það var mikið lán að sumarið 1964 var sérlega hlýtt á Ströndinni og skafinn sem venjulega var allt árið við fjallsræturnar tók upp. Fyrir bragðið gengu framkvæmdir mun betur en ella hefði verið. Að mati Indriða Aðalsteinssonar, bónda á Skjaldfönn, er stíflugerð á þessum stað illframkvæmanleg nema tíunda hvert ár eða svo. Strax árið eftir að henni lauk komu kalárin við Djúp, 1965-71. Þá hefði verið nær ógerningur að reisa stífluna vegna snjóá og bleytu.

60 riða rafali

Ásgeir leitaði tilboða í hverfil virkjunarinnar og bauð fyrirtækið Gilkes, Gilbert & Gordon í Englandi lægst. Afl hans var 75 kW og kom hann með Djúpbátum haustið 1964. Rafalinn, sem var bandarískur, 60 kW, hafði verið keyptur hjá Sölunefnd varnarliðseigna strax árið 1960. Hann var 60 rið á sekúndu, í samræmi við bandaríska staðla, en ekki 50 rið eins og er í almenna kerfinu héraendis. Það kom ekki að sök í lokuðu kerfi en olli því að hann fékkst fyrir mjög lágt verð.

Hoppandi búsmali

Ásgeir Sæmundsson hannaði rafveitu Snæfjallahrepps og studdist þar við nýlega tækni sem kölluð var einn strengur og jörð. Slíkt hentar vel þar sem flytja þarf lítið afl um langan veg.

Til að nota eina línu og jörð þurfti að leiða einn koparstreng í jörð við hvern spennu og fá gott jarðsamband. Í því skyni voru lagðir nokkrir þræðir frá strengnum niður í frostfrían jarðveg sem var stundum erfitt á Snæfjallaströndinni vegna þess hve jarðvegur gat verið grunnur. Fyrir bragðið mátti stundum finna fyrir spennu á yfirborðinu yfir jarðskautunum. Sérstaklega varð þess vart á malarkambinum við stöðvarhúsið hjá Mýrará þegar leið fram á sumar og hann þornaði. Þá minnkaði jarðsambandið og hafði það í för með sér að þegar kýr komu á kambinn hoppuðu þær vegna skrefspennunnar. Gott þótti að setja kúamykju með jarðskautsstreng í malarjarðvegi til að auka leiðnina.

Línurnar

Flestir línustaurar voru keyptir notaðir frá Stykkishólmi, þar sem verið var að taka niður línur og leggja jarðstrengi

í þeirra stað. Spennar fengust hjá Sölunefndinni. Þeir voru jafnmörg rið og rafalinn og voru fyrir bragðið einnig mjög ódýrir. Allir spennar rafveitunnar, sjö talsins, kostuðu svipaða upphæð og einn spennir sömu stærðar sem Rafmagnsveiturnar keyptu frá Rafha.

Sumarið 1965 voru háspennulínurnar lagðar í Snæfjallahreppi og voru línumenn frá Rafveitu Ísafjarðar fengnir til þess. Frá stöðvarhúsinu lágu þær í tvær áttir, annars vegar með ströndinni að Unaðsdal og Bæjum, hins vegar að Tirðilmýri. Spenna á línunni var 2,4 kV. Hún var alls tæpir 4 km að lengd. Einnig var lagður 3 km langur sæstrengur út í Æðey.

Heimamenn sáu um flutninga á staurum og mönnum, holugróft o.fl. Húsveitur voru sjö talsins, auk Unaðsdalskirkju, og voru keyptir marktamtamælar og kílówattstunda-mælar til að stýra og fylgjast með notkuninni. Þeir ásamt hverflinum og aðrennslispípunni voru nánast það eina sem þurfti að kaupa erlendis frá, sem var ekki lítills virði á þessum skömmtunarárum, þegar allur innflutningur var háður leyfum.

Virkjuninni fagnað


Mýrarárvirkjun var gangsett haustið 1965, þ.e. aðeins tveimur árum eftir að reglugerð fyrir rafveituna var samþykkt. Var með nokkrum ólíkindum að það skyldi takast svo fljótt, sérstaklega þegar haft er í huga hve Snæfjallaströnd er afskekkt og óhægt um aðdrætti. En þrátt fyrir að allt gengi að óskum voru hreppsþúar orðnir óþreyjufullir þegar rafmagnið kom.

Á fundi rafveitunefndar 28. nóvember 1965 var virkjuninni og rafveitunni fagnað. Heildarkostnaður við virkjunina var 1.640 þús. kr. Talið var að þessi upphæð væri álíka há og greitt væri fyrir að tengja átta bæi í sveitarafvæðingunni. Virkjunin og rafveitan höfðu í för með sér að Snæfjallahreppur fékk samveitu um svipað leyti og ýmis önnur sveitarfélög landsins sem voru mun meira miðsvæðis. Ef hennar hefði ekki notið við hefði samveita sennilega aldrei komið. Ávinningurinn af henni fólst bæði í því að verð raforkunnar lækkaði niður í brot af því sem verið hafði frá dísilrafstöðvunum og framboð á henni margfaldaðist. Var haft á orði að rafmagnið væri orðið sjálfrennandi.

Einn kosturinn af fleirum við rafvæðinguna var að unglingar í sveitinni fengu vinnu við hana. Vinna þeirra var reiknuð til verðs og greidd jafnóðum. Bændur lánuðu hins vegar andvirði sinnar vinnu og var hún greidd með rafmagni þegar rafveitan tók til starfa.



RAFORKUKERFI VESTFJARÐA





REKSTRARTRUFLANIR 2005

Á árinu urðu 20 bilanir í hitaveitukerfum O.V. þar af 14 vegna lagningagalla. Flestar bilanir urðu á Ísafirði eða 11. Núverandi skráningarkerfi hitaveitubilana var tekið í notkun árið 2000 og hafa verið skráðar 126 bilanir síðan eða 21 bilun að meðaltali á ári.

Rekstrartruflanir í raforkukerfinu urðu alls 206 á árinu. 126 truflanir voru fyrirvaralausar og 77 vegna skipulags viðhalds. 31 truflanir urðu frá orkugjafa að rafalaúrtaki, 141 truflanir frá rafalaúrtaki að skinnu á lágspennuvafi dreifispennis og 39 truflanir frá skinnu á lágspennuvafi dreifispennis að raflögn notenda.

Núverandi skráningarkerfi rekstrartruflana í raforkukerfum


var tekið í notkun árið 1989 og hafa verið skráðar 4.259 truflanir síðan eða 250 truflanir að meðaltali á ári.

Í ársbyrjun tók Landsnet við rekstri á 66 kV flutningslínunum og 66 kV aðveitukerfi O.V. að undanskilinni Patreksfjarðarlínu 1 og eru truflanir á því kerfi skráðar hjá Landsneti fyrir árið 2005. Ein fyrirvaralaus truflun varð á Vesturlínu Landsnets þegar stæður brotnuðu í Vattarfirði, þá var línun úti í rúma 3 sólarhringa.


O.V. afhenti Orkustofnun í fyrsta skipti skýrslu um truflanir fyrir árið 2005, samkvæmt nýjum raforkulögum, með útreiknuðum stuðlum til glöggvunar á umfangi truflana. O.V. setti sér eigin markmið um stuðlana.

<i>Stuðull</i>		<i>Útkoma 2005</i>	<i>Markmið O.V.</i>
Stuðull um rofið álag	MW/MW ár	1,41	3
Stuðull um meðallengd skerðingar	mínútur/ár	113	500
Kerfismínútur, rof undir 100 mínútum	Fjöldi	0	3
Kerfismínútur, rof undir 1000 mínútum	Fjöldi	0	0

Skipting lágspennutruflana árið 2005



Skipting truflana milli loftlína árið 2005



Staurabruni á 66 kV Patreksfjarðarlínu 1.



Biluð heimæð, Ísafirði.




RAFORKUFRAMLEIÐSLA VATNSAFLSVIRKJANA




	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2005 MWh	Framleiðsla 2004 MWh	Meðaltal 1995-2005 MWh	Aukning % 2005 miðað við meðaltal	2004
Mjólkárveiturvirki	8.100	60.262	63.607	59.501	1,28	-5,26
Þverárvirki	2.200	4.483	7.857	5.012	-10,55	-42,94
Rafstöðin á Fossum	1.100	4.793	5.311	4.709	1,78	-9,75
Reiðhjallavirki	520	1.845	2.159	1.818	1,49	-14,54
Blævardalsárvirki	300	842	61	738	14,09	
Mýrarárvirki	60	439	441	266	65,04	-0,45
Samtals	12.280	72.664	79.436	72.044	0,86	-8,53

Raforkuframléiðsla vatnsaflsvirkjana 1983 – 2005



Orkuöflun 1978 – 2005






KYNDISTÖÐVAR


	Árið 2005 – Orkunotkun						2004	
	Uppsett afl		Aftöppur		Olfa	Sorp/borhola	Samtals	Samtals
	Olúkatla	Raforka	Raforka	Raforka				
MW	MW	MW	MWh	MWh	MWh	MWh	MWh	
Skutulsfjarðareyri	10,0	10,0	7,1	1.535	37.745		39.280	36.633
Holtahverfi, Ísafirði	3,0	1,0	1,1	280	2.678	4.286	7.244	6.657
Bolungarvík	3,0	3,0	2,3	411	12.953		13.364	12.414
Patreksfjörður	3,0	3,0	2,7	561	14.120		14.681	13.346
Flateyri	2,0	1,0	1,0	112	5.362		5.474	4.787
Suðureyri	3,0	1,0	0,9	86	4.868	2.555	7.509	6.785
Samtals	24,0	19,0	15,1	2.985	77.726	6.841	87.552	80.622

Þróun orkuverðs 1978 - 2005



Almennur taxti 1978 = 100. Miðað við
taxta A.1 og 4.000 kWh notkun á ári.
Leiðrétt mv. byggingarvísitölu.

Skipting orkusölu 1978 – 2005




RAFORKUFRAMLEIÐSLA DÍSELSTÖÐVA




	Ástimplað afl kW	Framleiðsla 2005 MWh	Framleiðsla 2004 MWh
Reykjanes	641	185	401
Samtals Djúp	641	185	401
Ísafjörður	4.760	294	65
Bolungarvík	3.310	122	45
Súðavík	1.170	2	45
Suðureyri	700	11	4
Flateyri	420	1	2
Pingeyri	1.500	1	15
Samtals svæði I	11.860	431	176
Bíldudalur	1.150	58	12
Tálknafjörður	420	2	1
Patreksfjörður	4.150	422	124
Flatey	112	128	120
Samtals svæði II	5.832	610	257
Reykhólar	700	12	35
Hólmavík	1.250	12	17
Drangsnæs	420	1	3
Samtals svæði III	2.370	25	55
Alls	20.703	1.251	889

Orkuöflun v/hitaveitusölu 2005
Samtals 97 GWh



Eigin vinnsla 15,0 % Orkukaup 85,0 %

Orkuöflun v/raforkusölu 2005
Samtals 143 GWh



Eigin vinnsla 51,9 % Orkukaup 48,1 %



ORKUÖFLUN

	Hlutdeild í			
	Orkuöflun 2005 MWh	heildarorku- öflun %	Orkuöflun 2004 MWh	Mismunur '05-'04 %
Vatnsaflsvirkjanir	72.664	30,42	79.436	-8,53
Díselrafstöðvar	1.251	0,52	889	40,72
Svartolíukatlar	2.985	1,25	1.733	72,24
Jarðhiti *)	11.428	4,78	11.007	3,83
Samtals eigin vinnsla	88.328	36,98	93.065	-5,09
Forgangsorka frá L.V.	47.263	19,79	45.985	2,78
Ótryggð orka frá L.V.	82.779	34,65	80.643	2,65
Jöfnunarorka	3.350	1,40		
Forgangsorka frá RARIK			1.992	
Forgangsorka frá Sængurfoss	873	0,37	1.588	-45,03
Forgangsorka frá Dalsorku	3.445	1,44	3.427	0,53
Forgangsorka frá Tunguvirkjun	951	0,40	986	-3,55
Forgangsorka frá Hvestuvirkjun	7.597	3,18	6.289	20,80
Sorpbrennsla, Funi	4.286	1,79	4.529	-5,37
Samtals orkukaup	150.544	63,02	145.439	3,51
Orkuöflun v/raforkusölu	142.447	59,63	144.817	-1,64
Orkuöflun v/hitaveitusölu	96.425	40,37	93.687	2,92
Heildarorkuöflun	238.872		238.504	0,15

*) Áætlað

ORKUSALA 2005, MEÐALVERÐ

Gjaldskrárlíör	Sala MWh	Orkugjöld mkr.	Fastagjöld mkr.	Samtals mkr.	Meðalverð kr/kWh
Almenn notkun	34.831	209.247	31.924	241.171	6,92
Utanhússlýsing	2.116		10.336	10.336	4,88
Blönduð notkun	9.128	55.938	5.994	61.932	6,78
Aflmæling	24.734	72.681	67.414	140.095	5,66
Ótryggð orka	5.031	9.457	1.929	11.386	2,26
Hitun íbúðarhúsnæðis	37.777	200.122	5.760	205.882	5,45
Hitun, annað	12.673	67.255	1.491	68.746	5,42
Hitaveita, íbúðarhúsnæði	45.679	198.842	20.363	219.205	4,80
Hitaveita, stórnotendur	20.638	43.950	2.602	46.552	2,26
Hitaveita, annað	15.761	70.736	4.051	74.787	4,75
	208.368	928.228	151.864	1.080.092	5,18

Meðalverð er verð til Orkubús án skatta og að viðbættum niðurgreiðslum.



ORKUSALA

Gjald- skrár- liður	Heiti	Mæla- fjöldi	MWh 2005	MWh 2004	Mismunur '05-'04 %
A1	Almenn notkun	4.359	34.831	30.085	15,78
A3	Utanhússlýsing *)	52	2.116	2.149	-1,54
A4	Blönduð notkun (hiti ekki sérmældur)	228	3.325	1.241	167,93
A5	Búrekstur	129	5.803	5.981	-2,98
B1	Aflmæling	40	24.734	28.473	-13,13
B13	Ótryggð orka	6	5.031	4.224	19,11
C1	Hitun íbúðarhúsnæðis	1.270	37.458	37.623	-0,44
C2	Næturhitun íbúðarhúsnæðis	6	319	311	2,57
D1	Hitun, annað	309	12.544	12.548	-0,03
D3	Varmadælur	3	129	132	-2,27
H49	Hitaveita, íbúðarhúsnæði **)	1.158	45.679	44.965	1,59
H498	Hitaveita, stórnotendur **)	18	20.638	18.686	10,45
H48	Hitaveita, annað	230	15.761	15.210	3,62
Samtals		7.808	208.368	201.628	3,34

*) Notkun áætluð miðað við 4.500 nýtingartíma.

**) Notkun er áætluð á Suðureyri 35 kWh og á Reykhólum 52 kWh úr m³ vatns.

Orkusala

